

Dags eftirlits	10.4.2025	Ábyrgðarmaður eftirlits	Freyr Ævarsson
Fyrirtæki	Benchmark Genetics Iceland hf.	Eftirlitsmaður	Freyr Ævarsson
Heimili	Bæjarhraun 14	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	620391-1079	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Guðmundur Snorri Benediktsson	ÍSAT nr.	03.22.0
Fulltrúi fyrirtækis	Árni Rafn Rúnarsson og Julia S. Morozova	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávík kom fram í eftirlitinu varðandi að fullnægjandi grænu bókhaldi vegna ársins 2023 var ekki skilað á tilskildum tíma. Ein ábending var sett fram, um að við útreikninga á næringarefnalosun skal taka tillit til mismunandi rennslis í útrásum stöðvarinnar. Eitt frávík var opið þegar eftirlitið fór fram, þess efnis að engar myndir voru teknar við útrásina árið 2022.

UMFANG EFTIRLITS

Í samræmi við ákvæði 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit var, þann 10. apríl 2025, farið í vettvangsheimsókn í fiskeldisstöð Benchmark Genetics Iceland hf., Vogavík.

Fiskeldisstöð Benchmark Genetics Iceland hf., Vogavík er með starfsleyfi sem var gefið út þann 16. desember 2021 og gildir til 16. desember 2037. Hámark lífmassa á hverjum tíma má skv. starfsleyfi vera 500 tonn.

Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Starfsleyfi rekstraraðila og staðan frá síðasta eftirliti
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Fylgiskjöl og áherslur í eftirliti
- Önnur mál
- Skoðunarferð

- Starfsleyfi rekstraraðila og staðan frá síðasta eftirliti

Eitt frávík kom fram í síðasta eftirliti árið 2023, þess efnis að myndir voru ekki teknar af frárennsli stöðvarinnar árið 2022. Frávikið var opið þegar eftirlitið árið 2025 fór fram. Fjórar ábendingar voru settar fram í eftirlitinu árið 2023 en ekki er ástæða til að fylgja neinni þeirra eftir.

- Eftirlitsmælingar og skráningar

Ársyfirliti fyrir árið 2023 var skilað þann 30. apríl 2024. Fullnægjandi grænu bókhaldi fyrir árið 2023 var skilað 30. október 2024 en frestur til þess rann út þann 1. maí 2024 og er því skráð frávík vegna skilanna. Ársyfirliti og umhverfisupplýsingum fyrir árið 2024 var skilað þann 30. apríl 2025. Ekki eru gerðar athugasemdir við þær niðurstöður sem koma fram í skýrslunum en rekstraraðila er bent á að við útreikninga á næringarefnalosun þarf að taka tillit til þess að ekki er sama rennsli í öllum útrásum.

Niðurstöður mælinga á losun fosfórs árið 2023 voru að losunin hafi verið á milli 0,38 kg/frameitt tonn (miðað við lágmarksfóðrun) og 10,56 kg/frameitt tonn (miðað við hámarksfóðrun). Niðurstöður útreikninga sem taka mið af fôðurnotkun ársins, voru að losun fosfórs hafi verið 8,9 kg/frameitt tonn. Ekki eru gerðar athugasemdir við fosfórlosun ársins 2023.

Myndir fylgdu ársyfirlitum fyrir árin 2023 og 2024 og er fráviki sem var opið þegar eftirlitið fór fram, því lokað.

- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða

Farið var yfir áhættumat 2025 til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Litlar breytingar urðu á áhættumatinu frá síðasta eftirliti og þær breyta ekki niðurstöðu matsins.

- Fylgiskjöl og áherslur í eftirliti

Farið var yfir breytt verklag Umhverfis- og orkustofnunar við eftirlit en frá og með 1. maí mun stofnunin fara yfir þau gögn sem henni berast frá rekstraraðilum sama ár og þau berast. Hingað til hafa gögn frá rekstraraðilum í sumum tilfellum einungis verið rýnd áður en farið er í vettvangsheimsókn en það verklag hefur getað orðið til þess að gögn

hafa beðið hjá stofnuninni í allt að þrjú ár án þess að þau hafi verið rýnd.

Nýjar leiðbeiningar um olfuskiljur eru sendar öllum rekstraraðilum. Þar sem engin olfuskilja er í húsnæði rekstraraðila er litið svo á að leiðbeiningarnar séu til kynningar.

Farið var yfir þær áætlanir sem eiga að vera til staðar og rekstraraðila bent á að uppfæra netfang og símanúmer eftirlitsaðila sem er nú Umhverfis- og orkustofnun.

Rekstraraðili er með gilda tryggingu skv. 16. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda og var skírteini því til staðfestingar tiltækt í eftirlitinu.

5. Önnur mál

Nýtingarleyfi rekstraraðila var rætt og minnt á að leyfishafi skal eigi síðar en 15. apríl ár hvert senda eftirlitsaðila skýrslu.

6. Skoðunarferð

Gengið var um húsnæði og lóð rekstraraðila. Efnageymsla var skoðuð. Ílát með spilliefnum eru geymd í viðaeigandi lekavörn og tómum ílátum er safnað í ker sem eru tæmd eftir þörfum. Öryggisblöð voru til staðar í efnageymslu. Útrásir stöðvarinnar voru skoðaðar og var talsvert af fugli í fjörunni í kringum þær en fuglinn sótti ekki sérstaklega í útrásirnar.

Frávik frá

Lýsing á fráviki

Gr. 4.5 í starfsleyfi.

Fullnægjandi umhverfisupplýsingum (grænu bókhaldi) vegna ársins 2023 var ekki skilað á tilskildum tíma.


ÁBENDINGAR

Ein ábending var sett fram í eftirlitinu um að við útreikninga á næringarefnalosun skal taka tillit til mismunandi rennslis í útrásum stöðvarinnar.

Reykjavík, 08.07.2025

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.


Freyr Evarsson